

Hvað er á seyði um helgina?

Fjórar sýningar og fjörutíu listamenn

— mikið um að vera að Kjarvalsstöðum um helgina

Það var ys og þys að Kjarvalsstöðum er blaðamenn komu þar til að fylgjast með uppsetningu fjögurra myndlistarsýninga, bæði í sölum hússins og göngum. Eru þetta jafnframt fyrstu sýningar hússins á þessu ári.

Í vestursal virtist mikill mannfjöldi að störfum. Þarna voru nefnilega 11 aðstandendur sýningarinnar Vetrarmynd sem nú koma saman í þriðja sinn til að sýna verk sín um miðjan vetur. Listamennirnir eru afar ólíkir: málara, nýlistarmenn, teiknara, vefara, leirkeramiðir o.fl. enda er stefna hópsins sú að sýna fjölbreytt

verk og endurnýja þáttakendur stöðugt. Þarna sýna Baltasar, Bragi Hannesson, Einar Þorláksson, Haukur Dór, Hringur Jóhannesson, Leifur Breiðfjörð, Magnús Tómasson, Niels Hafstein, Sigríður Jóhannsdóttir, Sigurður Örylgsson og Þór Vigfússon. Þeir Vetrarlistamenn opna svo sýningu sína á laugar- dag kl. 15.

Skart og grafík

Þegar út á ganginn kom, var þar fyrst sýning á skartgripum frá Hollandi, í þartilgerðum og hugvits- samlega hönnuðum sýningarkössum

sem henta einnig til flutninga. Skart þetta er næsta óvenjulegt, bæði að efni og útliti. Þarna eru að vísu gripir úr silfri og kopar, en einnig úr áli og plasti og sýnist mér sem hönnuðirnir 19 sem að sýningunni standa hafi leitað hugmynda bæði í vísindum og verkfræði.

Næst verður á vegi skoðandans önnur hollenzk sýning, Grafík frá landi Mondrians og á heitið við þá listamenn í Hollandi sem halda til streitu geómetrískum igrundunum og flatarmálsfræði ýmiss konar, í anda þess sem Mondrian gerði forðum daga og varð heimsfrægur fyrir. Þarna ríka hin hreina, beina lína og hinn tæri, skýrt afmarkaði flötur. Verkin eru öll gerð í grafík og margir listamennanna eru líka frægir fyrir kúnst sína, m.a. Jan Dibbets, Gerhard von Graevenitz og Ad Dekkers, en alls eru þeir 10.

Teikningar geðsjúklings

Síðan getur áhorfandinn labbað sig yfir í austurhluta hússins og gjóað augum í leiðinni að skipulagssýningunni umdeildu sem komið hefur verið fyrir í austurgangi og er hún eiginlega fimmta sýningin á staðnum. Í Kjarvalssalnum var verið að hengja upp verk eftir sérstæðan sænskan listamann, Carl Frederik Hill (1849—1911) og voru þar m.a. að verki fulltrúi listasafnsins í Malmö, Göran




Hjónin Leifur Breiðfjörð og Sigríður Jóhannsdóttir hafa unnið vefnað í samein-ingu fyrir sýningu Vetrarmyndar.

Christensen og sendiráðsritari Svía, Esbjörn Rosenblad. Verkin eru einmitt í eigu safnsins í Malmö en sendiráð Svía og Svenska Institutet höfðu milligöngu um það að þau kæmu hingað til lands.

Hill þjáðist af geðsjúkdómi síðustu 30 ár ævi sinnar og var þá ýmist á sjúkrahúsum eða í einangrun heima hjá sér, hélt þó ávallt áfram að teikna. Mikið er til af teikningum eftir Hill frá þessu tímabili og hafa þær vakið mikla athygli síðari tíma manna fyrir óbeislað hugarflug teikn-

arans og tækni getu. Í einangrun sinni fer Hill ýmsar þær leiðir í listinni sem eru býsna nærri því sem nútíma myndlistarmenn tóku upp löngu síðar. Hafa jafnvel verið uppi tilgátur um það að Pikassó hafi orðið fyrir áhrifum af teikningum Hills er þær voru sýndar í París snemma á öldinni.

Allt um það er sýningin stórmerkileg og verður opnuð kl. 14. Þrjár sýningar hússins verða opnar til 15. febrúar en sýningu Vetrarmyndar lýkur 1. febrúar. - AI



Göran Christensen, starfsmaður listasafnsins í Malmö, heldur hér á einni teikningu Carls Frederik Hill.

Evrópuleikur Víkings og Lugi á sunnudag:

MEGA EKKI VANMETA LUGI

— eru varnaðarorð Jóhanns Inga Gunnarssonar til Víkinga

„Þetta verður uppgjör tveggja áþekkra liða og ég tel helmingslíkur á því að Víkingur hafi vinninginn og komist áfram í fjögurra liða úrslit Evrópukeppinnar,” sagði Jóhann Ingi Gunnarsson, fyrrverandi landsliðsþjálfari, aðspurður um möguleika Víkings í leikjunum við sænsku meistarana Lugi. Fyrri leikurinn verður kl. 20.00 á sunnudag í Laugardalshöll.

„Svíar eru þekktir fyrir gífurlega seiglu og því mega Víkingarnir alls ekki vanmeta Lugi í fyrri leiknum í Laugardalshöll,” sagði Jóhann.

„Sænsk lið leika alltaf bezt þegar

mikið er í húfi, það gerir sænska stoltið. Víkingarnir verða að ganga inn á völinn með því hugarfari að ef hver og einn leikmaður gerir sitt bezta eru sigurmöguleikar fyrir hendi, annars ekki. Liðið verður að leika yfirvegað og án taugaspennu og Wadmark og hans gerðum í Víkingsmálinu má ekki blanda saman við þennan leik.”

Jóhann Ingi þekkir vel til sænsks handknattleiks.

„Lugi var topplið í sænskum handknattleik í fyrra en hefur átt erfitt uppdráttar í sænsku deildarkeppninni í vetur. En samkvæmt nýjum fréttum frá Svíþjóð er Lugi aftur á uppleið og hefur unnið nokkra leiki í röð. Þetta er ungt og skemmtilegt lið sem leikur fremur hraðan handbolta og beitir hraðauppflaupum mikið. Ribendahl er burðarás liðsins, einn beztu ef ekki beztu leikmaðurinn í sænskum handbolta um þessar mundir, mikil skytta og gegnumbrotsmáður.

Þjálfarinn Bertil Andersson hefur náð frábærum árangri með Lugi og landsliðið, hann stjórnaði t.d. sænska landsliðinu í B-heimsmeistarakeppninni í Austurríki 1977, sem Svíarnir unnu. Ég tel hann bezta þjálfara Svía í dag. Ég tel líka að Bogdan Víkingsþjálfari sé beztu þjálfarinn sem nú starfar hér á landi og það má því segja að þarna mætist lið beztu þjálfaranna í hvoru landi.

Ég vil að lokum hvetja fólk til að koma í Höllina og sjá leik Víkings og Lugi, sem ég vona að verði bæði spennandi og vel leikinn.”



Jóhann Ingi Gunnarsson, fyrrum landsliðsþjálfari.

Íþróttir


Ribendahl skæður leikmaður

„Lugi hefur verið í mikilli sókn undanfarið. Eftir fremur slæma byrjun hefur liðið unnið hvern leikinn á fætur öðrum. Lugi er dæmigert sænskt lið — leikur yfirvegað og sóknir liðsins eru langar. En Lugi hefur innan sinna vébanda sænska landsliðsmanninn Claes Ribendahl og hann hefur skorað flest mörk í sænsku Allsvenskan. Ákafllega sterkur leikmaður og skorar mörg marka sinna með gegnumbrotum, auk þess að hann tekur vítaköst liðsins. Víkingar verða að vara sig á honum,” sagði Hilmar Björnsson, þjálfari íslenska landsliðsins, en hann lék sem

kunnugt er með sænska liðinu Hellas fyrir nokkrum árum.

„En Lugi hefur átt við sin vanda- mál að stríða. Ribendahl hefur stundað nám við íþróttakennaraskólann í Stokkhólmi og því ekki getað æft með liðinu sem skyldi. Þá átti Lugi í markmannsvandræðum framan af vetri. Ungur leikmaður, Mats Ollson, hefur staðið í markinu og framan af átti hann misjafna leiki. En hann hefur mjög sótt sig og er nú þriðji markvörður í sænska landsliðinu. Þá verða Víkingar að vara sig á

stóru orðunum — því með þeim auka þeir á innri spennu og það gæti komið niður á leik liðsins. Víkingar verða að leika eins og þeir eru vanir og vera ekki óf bráðir. Umfram allt mega þeir ekki ofmeta sig. Lexian frá í fyrra er enn í fersku minni þegar sænsku bikarmeistararnir Heim slógu Víking út úr Evrópukeppni. Þó Víkingar hafi slegið ungversku meistarana Tatabanya út þá verða þeir að hafa það hugfast, að sænska liðið er mjög erfitt viðfangs og þeir verða því að ná toppleikjum til að komast áfram,” sagði Hilmar enn- fremur.



Hilmar Björnsson, landsliðsþjálfari.

- LANGHOLTSKIRKJA: Barnasámkoma kl. 11. Söngur, sögur, myndir. Guðsþjónusta kl. 2. Organleikari Jón Stefánsson. Sr. Sig. Haukur Guðjónsson.
- LAUGARNESKIRKJA: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Messa kl. 2. Þriðjudagur 20. jan.: Bænauguðsþjónusta kl. 18 og æskulyðsfundur kl. 20.30. Söknaþrestur.
- NESKIRKJA: Barnasámkoma kl. 10.30. Messa kl. 14. Orgel- og kórstjórn Reynir Jónasson. Sr. Guðmundur Óskar Ólafsson. Kirkjukaffi, og munið bæna- guðsþjónustur á fimmtudagsvöldum kl. 20.30 og félagsstarf aldraðra á laugardögum í safnaðarheimilinu kl. 3—5.
- SELJASÖKN: Barnaguðsþjónusta í Oldusleikskóla kl. 10.30 árd. Barnasámkoma að Seljabraut 54 kl. 10.30 árd. Guðsþjónusta að Seljabraut 54 kl. 2 e.h. Sam- eiginleg samkoma safnaðanna í Breiðholti nk. mið- vikudagsvöld kl. 20.30 að Seljabraut 54. Söknaþ- restur.
- SELTJARNARNESSÖKN: Guðsþjónusta kl. 11 árd. í félagsheimilinu. Sr. Frank M. Halldórsson.
- FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK: Messa kl. 2. Organ- leikari Sigurður Ísólfsson. Prestur sr. Kristján Róbertsson.
- HAFNARFJARDARKIRKJA: Fjölskylduguðsþjón- usta kl. 14. Söknaþrestur.
- FILADELFIA: Safnaðarguðsþjónusta kl. 14. Almenn- guðsþjónusta kl. 20. Félagar úr Gideon sjá um guðs- þjónustuna.
- KIRKJA ÖHADA SAFNDARINS: Messa kl. 14 sunnudag. Kaffivæitingar í Kirkjubæ eftir messu til efl- ingar Bjargarsjóði.
- KEFLAVÍKURKIRKJA: Sunnudagaskóli kl. 11. Munið skólablunn. Bænauguðsþjónusta kl. 14 í tilefni af alþjóðlegri bænavíku.

Kirkjustarf

Óháði söfnuðurinn
Veizlukaffi verður í Kirkjubæ eftir messu nk. sunnu- dag til styrktar Bjargarsjóði.

Sýningar

Listasöfn

LISTMUNAHÚSÍÐ, Lækjargötu 2: Engin sýning um helgina.
DJÚPIÐ, Hafnarstræti (Hornið): A. Paul Weber, steinprent, frá ýmsum tímum. Opnar laugardag kl. 15. Ópið 11—23 til mánaðarmóta.



Baltasar er einn þeirra listamanna sem sýna á Vetrar- mynd að Kjarvalsstöðum. Hér er verk eftir hann af bandarískum sérvingi.